

60. gr.

Um ráðningu verkamanna, afleysingamanna og annarra starfsmanna sem eigi eru ráðnir með 3 mánaða uppsagnarfresti fer eftir reglum sem hreppsnefnd setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

61. gr.

Oddviti hreppsnefndar hefur með höndum daglega stjórn hreppsins, undirbýr fundi hreppsnefndar og stjórnar þeim, annast framkvæmd ákvarðana hennar og annarra málefna hreppsins, s.s. bréfaskriftir, gjaldheimtu og reikningshald. Oddviti hefur prókúruumboð fyrir hreppinn.

62. gr.

Hreppsnefnd ákveður laun oddvita með hliðsjón af ákvæðum 68. gr. sveitarstjórnarlaga.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Ásahrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 27. september 1995.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá og reglum fyrir
símabjónustu í einkarétti nr. 430/1995.**

1. gr.

IV. kafli 2. tl. orðist svo:

2. Afnotagjald.

- 2.1. Ársfjórðungsgjald fyrir talhólf er kr. 300,00.
- 2.2. Ársfjórðungsgjald fyrir faxhólf er kr. 1.500,00.
- 2.3. Fyrir hringingu í tal- eða faxhólf úr almenna símakerfinu reiknast þeim sem hringir skref við svar og síðan skref miðað við 60 sek. í skrefi. Ef hringt er í hólf úr farsíma greiðist notkunargjald frá viðkomandi farsíma. Sama gjald greiðist hvort sem verið er að lesa inn skilaboð eða hlusta á þau.
Þegar kerfið hringir í fyrirfram ákveðið símanúmer til að láta vita af skilaboði greiðir réttthafi hólfsins samsvarandi gjald þ.e. skref við svar og síðan fyrir skref miðað við 60 sek. í skrefi ef hringt er í númer í almenna símakerfinu. GSM-notkunargjald ef hringt er í GSM-kerfið og NMT-notkunargjald ef hringt er í NMT-kerfið.
Ef notandi í almenna símakerfinu vísar innkomnu símtali eða faxsendingu yfir í hólf greiðir réttthafi símans skref við svar og síðan fyrir skref miðað við 60 sek. í skrefi fyrir öll skilaboð. Notandi farsíma í GSM-kerfinu eða NMT-kerfinu greiðir ekkert gjald fyrir skilaboð sem vísað er í hólf.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt 9. gr. laga nr. 73/1984 um fjarskipti ásamt síðari breytingum samkvæmt 5. gr. laga nr. 32/1993 svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36/1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála ásamt síðari breytingum samkvæmt 8. gr. laga nr. 34/1987, staðfestist hér með til að taka gildi 15. september 1995.

Samgönguráðuneytið, 12. september 1995.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Nr. 531

21. september 1995

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 676/1994, um gjald af nýreistum húsum til greiðslu skipulagsgjalds.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Sýslumenn lögsagnarumdæmis sem húseign er í, annast innheimtu skipulagsgjalds, en í Reykjavík tollstjóri. Gjaldið fellur í gjalddaga á virðingardegi og í eindaga mánuði síðar. Gera má lögtak fyrir skipulagsgjaldi, sbr. lög nr. 90/1989.

Gera skal skil fyrir gjaldinu til ríkisféhirðis með skilagrein sem öðrum ríkissjóðstekjum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stöð í 35. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytið, 21. september 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 532

29. september 1995

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um starfsþjálfun stjórnenda ökutækja sem flytja tiltekinn hættulegan farm, nr. 139 3. mars 1995.

1. gr.

Í stað „innan 6 mánaða frá gildistöku reglugerðarinnar“ í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða komi: eigi síðar en 31. desember 1995.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 2. mgr. 50. gr. og 5. mgr. 73. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. september 1995.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.